

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Skammbeinsstaðir 1 c. Landnr. 217486 og 209711. Deiliskipulag íbúðarhúss og skemmu.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti hreppsnefnd Rangárþings ytra á fundi sínum 11. febrúar 2010 deiliskipulag íbúðarhúss og skemmu að Skammbeinsstöðum í Rangárþingi ytra.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi í Svínhaga, lóðir R26-R29 og spildur SR1 og SR2.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti hreppsnefnd Rangárþings ytra á fundi sínum 20. maí 2009 breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Svínhaga, Rangárþingi ytra.

Breytingin felur í sér að lóðirnar R26, R27, R28 og R29 verða sameinaðar í eina lóð sem hefur heitið R28. Inn í þessa sameinuðu/lóð falla einnig spildur SR1 og SR2, sem eru norðan við R26-R29. Stærð lóðar eftir breytingu verður 4,9 ha.

Byggingarreitir á R28 eftir breytingu verða þrjár, og má byggja tvö hús á stærri reitunum en eitt hús á þeim minnsta. Að öðru leyti gilda skilmálar frá 19. maí 2004.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 29. apríl 2010.

F.h. Rangárþings ytra,

Rúnar Guðmundsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings bs.